

GJALDSKRÁ**fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.****Fastagjald.****1. gr.**

Fyrir hverja húseign í lögsagnarumdæmi Vestmannaeyja skal árlega greiða vatnsskatt.

Þó skal gjald þetta ekki innheimt fyrr en viðkomandi hús getur fengið vatn úr dreifikerfi vatnsveitunnar.

2. gr.

Vatnsskattur skv. 1. gr. skal vera 0,3% af heildarfasteignamati eignarinnar, þ. e. a. s. af mati mannvirkja ásamt mati lóðar.

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum um minnsta og mesta gjald á rúmmeter í byggingum á viðkomandi lóð:

Íbúðarhúsnæði	Minnst 60, en mest 120 kr./m ³
Vörugeymslur	Minnst 60, en mest 120 kr./m ³
Aðrar byggingar	Minnst 60, en mest 120 kr./m ³

Vatnsskattur samkvæmt framanskraðum reglum skal aldrei vera lægri en kr. 13 000.00 af skattskyldri fasteign.

Hafi fasteignamat ekki farið fram á húsi, sem hægt er að tengja dreifikerfi vatnsveitunnar, áætlað vatnsveitan gjaldið.

Notkunargjald.**3. gr.**

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 150.00 fyrir hvern teningsmetra vatns.

Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti, og annast mælaaflestur.

Vatn til skipa og báta.**4. gr.**

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 300.00 fyrir hvern teningsmetra, og auk þess kr. 3 000.00 í afgreiðslugjald, ef vatnið er afgreitt frá kl. 08.00—17.00 á virkum dögum en kr. 6 000.00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Vatn til skipa skal staðgreitt, nema um annað hafi verið samið fyrirfram. Skip, sem fengið hefur vatn afhent, má ekki, að viðlögðum sektum, fara úr höfn fyrr en vatnið er greitt eða um greiðslu verið samið.

5. gr.

Vatnsveitunni er heimilt að ákveða fast árlegt vatnsgjald fyrir skip og báta, sem heimahöfn eiga í Vestmannaeyjum eða eru að staðaldri gerð þaðan út. Fellur þá niður vatnsgjald skv. 4. gr.

6. gr.

Fyrir önnur vatnsnot en þau, sem að framan eru talin, eða þegar mælingu verður ekki við komið, skal greiða gjald eftir ákvörðun vatnsveitunnar hverju sinni.

Stofngjöld.**7. gr.**

Vatnsveitan sér um lagningu heimæða í hús og setur þar upp vatnsmæla á sinn kostnað.

8. gr.

Í stofngjald skal greiða 1% af fasteignamatsverði húss. Hafi endanlegt fasteignamat ekki farið fram, ákveður vatnsveitan gjaldið hverju sinni.

9. gr.

Ef um sérstaklega langar og kostnaðarsamar heimtaugar er að ræða, skal húseigandi greiða það, sem talist getur umfram eðlilegan kostnað.

10. gr.

Stofngjald skv. ákvæðum þessarar gjaldskrár skal greitt í einu lagi, áður en tenging við dreifikerfi vatnsveitunnar er framkvæmd.

11. gr.

Stofngjöld skulu greiðast á skrifstofu bæjarsjóðs. Hins vegar mun Rafveita Vestmannaeyja annast innheimtu fastagjaldsins ásamt notkunargjöldum.

12. gr.

Ef loka þarf fyrir vatnsinntak svo sem vegna þess, að notkunar- eða fastagjald hefur ekki verið greitt innan 10 daga frá útsendingu reiknings Rafveitunnar eða stofngjald innan tilskilins frests skv. kröfubréfi bæjarsjóðs eða af öðrum þeim ástæðum, sem greindar eru í 10. gr. reglugerðar fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja, skal húseigandi greiða kr. 30 000.00 opnunargjald áður en enduropnun fer fram.

13. gr.

Bæjarstjórn getur hækkað eða lækkað framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig um allt að 50%, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytis.

Fiskiðnaður.**14. gr.**

Bæjarstjórn getur ákveðið sérstaka gjaldskrá fyrir fiskiðnaðinn og aðra vatnsfreka starfsemi.

15. gr.

Þegar rætt er um fasteignamatsverð í gjaldskrá þessari, er átt við fasteignamat það, er öðlast gildi um áramótin 1978—1979 og fylgir síðan breytingum á fasteignamatinu.

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15, 29. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja frá 1. febrúar 1980.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.